

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að deiliskipulagi og breyttu deiliskipulagi.

Stígur um Kópavogsháls. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 12. nóvember 2024 deiliskipulag fyrir hjóla- og göngustíga um Kópavogsháls.

Skipulagssvæðið nær til bæjarlands milli Hafnarfjarðarveggar og aðlægra lóða vestan megin vegarins. Frá Skjólbraut í norðri að undirgöngum undir Hafnarfjarðarveg við Kópavogsdal í suðri, um 600 metra vegalengd. Deiliskipulagið mælir fyrir um legu og fyrirkomulag stofnstígs hjólreiða um Kópavogsháls og stuðlar að auknu umferðaröryggi hjólandi og gangandi vegfarenda. Tillagan gerir ráð fyrir nýjum aðskildum hjólastíg samsíða núverandi göngustíg.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogstún. Breytt deiliskipulag.

Í breytingunni felst að mörk deiliskipulagssvæðisins færast til suðurs og vesturs að deiliskipulags-svæði nýs deiliskipulags göngu- og hjólastíga um Kópavogsháls. Ekki eru gerðar aðrar breytingar á deiliskipulaginu.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 20. mars 2025.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 3. apríl 2025